

Rangárþing Ytra  
Birgir Haraldsson  
Suðurlandsvegur 1-3  
850 Hella

TILV./BRÉF YÐAR:

VERKNÚMÉR:

DAGS.:

NR.:

19071001

2019-05-08

1

## Tilkynning um framkvæmd í C flokki

Verkís vill fyrir hönd Veiði- og fiskræktarfélags Landmannaafreittar kynna framkvæmd sem fellur í C flokk skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum. Umsóknir um starfs- og rekstrarleyfi hafa þegar verið sendar Matvælastofnun og Umhverfisstofnun.

### Framkvæmdalýsing

Eldið fer fram á tveimur stöðum sem báðir tilheyra sama rekstraraðila. Annarsvegar er um að ræða seiðaeldi í Götu og hinsvegar áframeldi að Galtalæk. Tilgangur eldisins er að hjálpa við sjálfbærni og viðhalda fiskislóð vatna á Landmannaafreitt.

Að Götu fer fram hrognataka, klak og frumfóðrun. Lífmassi er um 50 kg. Í dag liggur frárennsli frá stöðinni beint í túnlæk sem liggur í Steinslæk. Fyrirhugaðar eru framkvæmdir á frárennsli frá stöðinni sem lúta að forhreinsun áður en það berst í túnslækinn. Fyrirhugaðar framkvæmdir miða við að lágmarki eins þreps hreinsun á öllu frárennsli. Eldisker eru útbúin ristum til varnar því að fiskur sleppi með frárennsli. Stærð rista á kerum ræðst af stærð fisks í eldi á hverjum tíma. Teikningar af fráveitu eru í viðhengi.

Við Galtalæk fer fram áframeldi í 3 kerum. Lífmassi fer ekki yfir 2 tonn. Í dag liggur frárennsli frá kerum beint í Galtalæk. Fyrirhugaðar eru framkvæmdir á frárennsli frá kerunum sem lúta að forhreinsun áður en það berst í viðtaka. Fyrirhugaðar framkvæmdir miða við að lágmarki eins þreps hreinsun á öllu frárennsli. Teikningar af fráveitu eru í viðhengi. Eldisker eru útbúin ristum til varnar því að fiskur sleppi með frárennsli. Stærð rista á kerum ræðst af stærð fisks í eldi á hverjum tíma.

### Myndirnar sýna eldisstöðu



Búnaður til seiðaeldis í skemmu við Götu.



Eldiskerin við Galtalæk.



## Eðli framkvæmdar

Eldið er umfangslítið. Í Götu getur lífmassi verið um 50 kg. Vatnsnotkun er um 2.8 l/s og fóðurnotkun um 110 kg/ár. Við Galtalæk getur lífmassi verið tæp 2 tonn, vatnsnotkun er um 7.8 l/s og fóður um 730 kg/ár.

Lítill hætta er á mengun, ónæði eða öðrum neikvæðum áhrifum vegna starfsseminnar. Engin starfssemi er í nágrenni og því ekki hætta á sammögnunaráhrifum. Matorka er með eldi í Fellsmúla með fráveitu í Minnivallalæk. Þessi starfssemi verður með fráveitu í Galtalæk. Nýting náttúruauðlinda er einungis vatnstaka, en engin breyting verður á henni vegna framkvæmdanna. Úrgangur verður fóðurleifar og úrgangur úr eldisfiski. Unnið er að því að tryggja að frárennsli sé meðhöndlað á viðunandi hátt, samanber framkvæmdalýsingu að framan.

Til er deiliskipulag fyrir Galtalæk<sup>1</sup> og fiskeldi á þeim stað er á skilgreindu iðnaðarsvæði í aðalskipulagi Rangárbings ytra<sup>2</sup>. Galtalækur er í jaðri svæðis sem tilnefnt hefur verið í verndarflokk rammaáætlunar vegna ferskvatnsvistgerða<sup>3</sup>. Eldið að Götu er á landbúnaðarlandi og í landi Götu er brunnsvæði vatnsverndar samkvæmt aðalskipulagi. Ekki er til deiliskipulag fyrir svæðið.

## Niðurstaða

Óhætt er að staðhæfa að eldið við Götu og Galtalæk hafi engin áhrif á viðkvæm svæði, með tilliti til þess að umfang eldisins er óverulegt og frárennismál verða í fullnægjandi horfi.

Virðingarfyllst, f.h. Verkís hf.

*Heiður Þor Heiðsson*

---

Nafn

<sup>1</sup> <http://skipulagsaaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/DisplayDoc.aspx?itemid=16635358453211318271>

<sup>2</sup> <http://skipulagsaaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/DisplayDoc.aspx?itemid=07635350705254562814>

<sup>3</sup> <https://www.ni.is/greinar/su-ytri-ranga>